

Íslenskur sigur í veldi Tyrkja og Dana (grein í Degi -Tímanum 11. des 1996)

Óhætt mun að fullyrða, að engin forsjárdeila hafi vakið meiri athygli íslenskrar þjóðar, en deila Sophiu Hansen og Halims Al. Deila þessi er um margt sérstæð. Foreldrar fórnarlambanna eru af sitt hvoru þjóðerni tveggja menningarheima. Við skilnað lýstur saman stáli stinnu, tyrknesku húsbóndavaldi og íslensku húsfreyjuvaldi. Brottnám barna af hendi föður er annað óvenjulegt tilbrigði við þessa forsjárdeilu. Því venjulega er því öfugt farið um brott nám barna á Íslandi.

Í ljósi ríkjandi móðurhyggju í íslenskri stjórnslu og dómskerfi skyldi engan undra, að forsjá dætra þeirra Sophiu og Halims skyldi falla Sophiu í skaut. Hvað getur vesæll, tyrkneskur faðir boðið upp á í samkeppni við íslenska móður fyrir íslenskum dómstóli? Gildi hans er án efa klént. En hvað sem því líður. Land skal með lögum byggja. Hegðun Halims Al er í öllu tilliti óafsakanleg og óhyggileg gagnvart dætrunum. En sinn er siðurinn í landi hverju. Íslenska þjóðin flykkir sér í órofgjarnri samstöðu að baki Sophiu Hansen (nema nokkrar rætnar tungur) og grípur glöð til pyngjunnar til að fjármagna krossför hinnar íslensku móður gegn Halim og Hundtyrkjum, sem virða að vettugi íslenska dómstóla. Við í heita pottinum eða svonefndir heitpyttingar, eru á einu máli um, að heiður íslensku þjóðarinnar sé að veði í þessu mikilvægasta forsjármáli Íslandssögunnar. Sophia er okkar kona, enda drengilega studd af hinum þjóðlega og karlmannlega félagsskap okkar. Hún hefur hug og dug og berst eins og ljónynja. Sophia er ekki bara ljónynja. Hún er okkar fjallkona. Okkur sýnist fara vel á því, að eftirlætisráðherra okkur félaga og heiðursfélagi gildisins, Halldór Ásgrímsson, beiti vaskri sveit utanríkisþjónustunnar á tyrkneskri grundu. Nokkrum félögum okkar datt raunar í hug að biðja hið virðulega ráðuneyti utanríkismála, hvort Halldór og hetjur hans úr tyrkneskum barnaverndarvíking, gætu ekki liðsinnit íslenskum foreldrum á Íslandi í svipaðri aðstöðu. Þorsteinn og Páll hafa ekki gert sig líklega til þess ennþá, en munu trúlega færast allir í aukana í jafnréttismálum, eftir áfangasigur okkar á Hundtyrkjum í mannréttindastríðinu.

Íslenski þrýstihópurinn á lögreglustöðinni í Istanbul á einnig lof skilið. Íslenskum feðrum í Sophiuporum þætt eflaust fengur að slíkum liðauka kynbræðra sinna. En sum sé. Dætrunum og Sophiu er af einlægum hug óskað til hamingju. Vér samgleðjumst.

Á hátíðarfundum í heita pottinum gafst um daginn tilefni mikilla fagnaðarláta. Við höfðum unnið tvöfaldan sigur í hinum viðsjárverðu útlöndum. Áfangasigur hafði unnist á Hundtyrkjum í barnavernd og lokasigur á déskotans Dönunum í handbolta. Íslendingar hafa óumdeilanlega harma að hefna á þjóðunum báðum. Ritara okkar þótti sigurinn á Dönunum jafnvel sætari, en ritstjóra Morgunblaðsins. Í því að fagnaðarlátunum linnti sté í pottinn ljótur karl. Gott, ef hann hafði ekki horn og klaufir. Svo var hann eins og vond samviska í laginu. Óheillakrákan hóf upp úr eins manns hljóði að segja okkur sögu um Bandaríkjamannskvölinu, föðurinn ólánsama, sem reyndi að nema á brott dóttur sína hérna um árið. En þarlendir dómstólar höfðu dæmt honum dótturina til forsjár sökum vanhæfni móðurinnar. Það er í sjálfu sér móðgun gegn íslenskri þjóð. Enda rændi hin íslenska freyja barni sínu og flúði fyrir tilstuðlan góðra landa í faðm íslensku þjóðarinnar. Þessa sögu höfðum við aldrei heyrt um. Því næst spurði hann, hvort við þekktum til allra íslensku feðranna, sem bágstaddar mæður meina að sinna börnum sínum. Nei! Það hefur okkur aldrei borist til eyrna. (Reyndar hvíslaði einn pyttinga,

að Páll postuli, siðameistari gildis okkar og andlegur leiðtogi, hefði bannað umfjöllun um slík mál.) Hin þráspurula óheillakráka sat við sinn keip og spurði: En vitið þið, hvar í heimi hér ríkir jafnrétti feðra og mæðra? Þá brostum við feginsamlega hver til annars og lukum upp einum rómi: Á Íslandi. Hættan var liðin hjá. Hin síspuruli leiðindapúki var samstundis tekinn í sátt og við hrópuðum ferfált húrra fyrir okkur sjálfum og hinni jafnréttissinnuðu, íslensku stjórnslu. Þar með var hátíðarfundur lokið.